




Bráðabirgðatölur um fjölda skráðra afbrota á landsvísu hjá lögreglu á árinu 2020. Í úttektinni eru tölur síðustu ára staðfestar tölur¹ en tölur fyrir árið 2020 bráðabirgðatölur².


Hegningarlagabrot voru 12.778 og fjölgaði lítillega á milli ára eða um 2% (5% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan). Af hegningarlagabrotum fjölgaði brotum gegn friðhelgi einkalífs hlutfallslega mest milli ára eða um 27% (26% þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára á undan).

Sérrefsilagabrot voru 5.157 og fækkaði talsvert milli ára eða um 17% (14% miðað við meðaltal þriggja ára þar á undan). Áfengislagabrotum fækkaði um 52% milli ára og 58% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Fíkniefnabrotum fækkaði einnig umtalsvert, um 19% milli ára sem er sama og þegar miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára (sjá nánar á bls. 3).

Umferðarlagabrot voru 55.910 og fækkaði umtalsvert milli ára eða um 26% (25% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan). Hraðakstursbrot voru 42.190 og þar af voru 32.592 tekin á sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar eða um 75% sem er töluvert hærra en árið á undan þegar það var 67%.



Myndir 1-2. Fjöldi brota árin 2005 til 2020 eftir brotaflokkum og aukning/fækkun árið 2020 miðað við meðaltal 2017-2019.




Mynd 3. Fjöldi brota árin 2017-2020 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2020 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

1. Tölur um fjölda brota árin 2005-2019 eru teknar úr afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sjá: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektr/>
 2. Tölurnar fyrir árið 2020 voru teknar út 30.12.2020 úr málaskrákerfi lögreglu. Miðað er við dagsetningu skráningar brots, þ.e. öll brot sem skráð voru árið 2020 eru talin, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað.
 3. Fjöldi umferðarlagabrota ræðst annar vegar af frumkvæðisvinnu lögreglu og hins vegar af virkni stafrænna hraðamyndavéla sem getur verið breytileg. Nánari tölfræði um stafrænar hraðamyndavélar má sjá á vefsíðu ríkislögreglustjóra: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/adrar-rannsoknir/>

Fjöldi brota á íbúa


Þegar fjöldi hegningarlaga brota er skoðaður eftir lögregluembættunum nýu má sjá að um 80% þeirra voru skráð hjá umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og þar á eftir um 6% á Suðurnesjum (mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi hegningarlaga brota eftir lögregluembættum.

Á mynd 5 má sjá fjölda hegningarlaga brota á hvern íbúa, þ.e. miðað við mannfjölda í hverju umdæmi fyrir sig. Árið 2020 voru flest hegningarlaga brot á hverja 10 þúsund íbúa skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 424 brot. Það er samþærilegt og árið áður. Mest hlutfallsleg fækkun brota milli ára á hvern íbúa var í Vestmannaeyjum (-24,9%), en þar var almennt fækkun í flestum undirflokkum og á Vesturlandi (-21,6%) en þar var mest fækkun á auðgunarbrotum. Hlutfallslega var mest aukning hegningarlaga brota á hvern íbúa á Norðurlandi vestra (75,8%). Það er raunaukning brota úr 52 brotum í 96 milli ára og er mest aukning á auðgunarbrotum.

Þess ber að geta að þar sem íbúar eru fáir, þarf tiltölulega fá brot til þess að hækka tölur yfir brot pr. íbúa frekar mikið.




Mynd 5*. Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10 þúsund íbúa⁴ árið 2020 greint eftir lögregluembættum.

4. Mannfjöldatölur miða við 1. janúar ár hvert.

Fíkniefnabrot og magn fíkniefna

Þegar 2020 er borið saman við 2019 má sjá að fíkniefnabrotum⁵ fækkaði milli ára um 19% og um sama hlutfall þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára.

Þegar litið er til samanburðar á undirflokkum miðað við meðaltal árána 2017 til 2019 má sjá að brotum hefur fækkað hlutfallslega mest þegar kemur að vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna (-21%) og flutningi á fíkniefnum milli landa (-24%).



Mynd 6. Fjöldi fíkniefnabrot árin 2017 til 2020 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2020 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Magn fíkniefna

Talsverðar sveiflur geta verið á haldlögðu magni fíkniefna milli ára og átti það einnig við um 2020. T.d. má sjá að haldlagt magn amfetamíns (g) var 27 kg. og lækkaði um helming frá árinu áður, en var þó um 480% meira en magnið 2018. Haldlagt magn metamfetamíns var um 650 grömm eða 68% minna en árið áður. Haldlagt magn kókaíns var 81% minna en árið á undan (tæp 8 kg) og hefur ekki verið lægra síðan 2014. Magn hass var um 5 kg. sem er minna magn en síðustu ár, en magn maríjúana 87 kg. sem er 92% aukning milli ára. Fjöldi kannabisplantna var svipaður og árin á undan (um 5.200 stk) en magn kannabisplantna í grömmum talið meira, eða 37 kg. Um 6600 e-töflur voru haldlagðar og 87 grömm af heróín.

Miklar sveiflur milli ára skýrast af langstærstum hluta af því að fástór innflutningsmál geta haft mikil áhrif á hlutfallslegar breytingar milli ára.

Tafla 1. Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árin 2013 til 2020.

Fíkniefni	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020*	% milli ára
Hass (g)	1.329	9.353	6.097	24.337	11.685	23.445	5.258	-78%
Kannabisplöntur (stk.)	4.065	4.094	3.232	5.033	5.173	5.326	5.404	1%
Kannabisplöntur (g)	12.914	7.221	12.805	19.997	22.517	11.958	37.423	213%
Maríjúana (g)	63.571	52.049	43.874	34.070	71.937	43.041	86.819	102%
Kannabislauf (g)	21.440	49.036	30.008	39.062	34.891	54.412	50.219	-8%
Kannabisstönglar (g)	3.260	11.991	12.815	11.541	5.101	28.532	7.428	-74%
Amfetamín (g)	4.784	32.849	9.838	14.408	4.708	54.932	27.232	-50%
Methamfetamín (g)	105	343	1.014	518	72	2.037	653	-68%
Kókaín (g)	1.736	9.738	8.035	26.924	18.583	40.454	7.751	-81%
E-töflur (g)	149	11.003	2.059	4.593	963	1.166	489	-58%
E-töflur (stk.)	1.454	213.660	2.258	2.699	7.815	1.356	6.596	386%
Heróín (g)	0	0	0	9	28	0	87	
LSD (stk.)	2761	741	427	1.021	427	358	585	63%

*Bráðabirgðatölur 30.12.2020

5. Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin.
6. Bráðabirgðatölur miða við magn sem hefur verið vigtað þegar úttekt gagna fór fram.